

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2026, fimmtudaginn 17. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ernu Birgisdóttur, Andra Val Ívarssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2026:

Leiknir F.
gegn
Fálkum

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I. Aðild:

Kærandi:
Leiknir F.

Kærði:
Fálkar

Skrifstofu KSÍ barst kára frá kæranda vegna leiks Leiknis F. gegn Fálkum í Utandeild karla sem fram fór 22. ágúst 2026. Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð og frekari gögnum.

II. Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum úr leik Leiknis F. gegn Fálkum verði breytt, eða leikurinn dæmdur ógildur og endurtekinn, á þeim grundvelli að aðstoðardómari hafi verið leikmaður annars liðsins og því ekki fullnægt áskilnaði um hlutleysi og rétta framkvæmd leiks.

Til vara krefst kærandi þess að nefndin taki afstöðu til þess hvort framkvæmd leiksins hafi farið gegn lögum og reglugerðum KSÍ og eftir atvikum knattspyrnulögunum.

Kærði krefst þess aðallega að kærðu kæranda verði vísað frá.

Til vara krefst kærði þess að kröfum kæranda verði hafnað og að úrslit leiksins standi óhögguð.

III. Málsatvik:

Mál þetta varðar framkvæmd leiks Leiknis F. gegn Fálkum í Utandeild karla þann 22. ágúst 2026. Leikurinn fór fram á heimavelli Fálka að Hlíðarenda og endaði með jafntefli. Sem heimalið sá kærði um framkvæmd leiksins, þ. á m. mönnun aðstoðardómara. Að sögn kæranda tókst aðeins að manna stöðu annars aðstoðardómara leiksins. Leikmaður kærða tók að sér hlutverk hins aðstoðardómarans en þessi leikmaður var jafnframt skráður varamaður kærða í leikskýrslu. Þá kveður kærandi að í hálfleik hafi fyrirkomulaginu verið breytt á þann veg að annar leikmaður kærða tók við stöðu aðstoðardómara.

IV.

Málsástæður kæranda:

Kærandi kveðst byggja kæru sína einkum á lögum KSÍ, reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Kærandi vísar til þess að samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót beri heimalið ábyrgð á að tilnefna aðstoðardómara í Utandeild karla og að sú ábyrgð verði að vera rækt með þeim hætti að hlutleysi, trúverðugleiki og eðlileg framkvæmd leiks séu tryggð.

Kærandi kveður kjarna málatilbúnaðar síns vera þann að skráður leikmaður kærða hafi verið látinn gegna hlutverki línuvarðar í leiknum og þannig verið settur í stöðu þar sem hann gat komið að ákvörðunum sem vörðuðu eigið lið. Að mati kæranda felur slíkt í sér augljósan hagsmunaárekstur og rýrir trúverðugleika dómgæslunnar. Kveður kærandi að sú staðreynd að leikmaðurinn hafi verið á leikskýrslu kærða og í búning á meðan hann sinnti línuvörslu undirstriki að ekki hafi verið um hlutlausan aðila að ræða. Kærandi kveðst hafa samþykkt ráðstöfun þessa tímabundið svo hefja mætti leikinn enda hafi forsendan verið sú að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða þar til annar aðstoðardómari mætti á svæðið.

Kærandi vísar jafnframt til þess að eftir leik hafi umræddur leikmaður sagt við leikmann kæranda að hann kynni ekki alveg reglurnar og hefði verið smá utan við sig. Kærandi tekur fram að dómari leiksins hafi að mati kæranda staðið sig vel í leiknum og að hann hafi viljað seinka leiknum vegna stöðunnar sem komin var upp. Sá kostur var ekki raunhæfur að sögn kæranda þar sem leikmenn liðsins áttu bókað flug síðar sama dag.

Kærandi byggir á því að þó að um Utandeild sé að ræða verði að gera lágmarkskröfur um framkvæmd meistaraflokksleikja. Félög leggi í mikinn undirbúning, tíma og verulegan ferðakostnað og verði að geta treyst því að leikjum sé framfylgt með sanngjörnum og trúverðugum hætti.

V.

Málsástæður kærða:

Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá á grundvelli vanreifunar þar sem lagagrundvöllur kærunnar sé ekki tilgreindur með fullnægjandi hætti og kæran uppfylli ekki skilyrði gr. 7.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Kærði vísar til þess að í kæru kæranda sé ekki vísað til neinna ákvæða sem kærði eigi að hafa farið gegn eða brotið. Kæran vísi blindandi til margvíslegra laga og reglugerða KSÍ, laga og reglna FIFA og UEFA auk almennrar tilvísunar í sjónarmið um Fair Play og hlutleysi. Kærði telur að í kröfugerð kæranda felist í reynd að kærandi hafi falið aga- og úrskurðarnefnd að finna sjálfri þann lagagrundvöll og þau viðurlagaákvæði sem eigi við í málinu. Af þeim sökum sé kæra og kröfugerð kæranda svo óskýr að ekki sé unnt að taka til fullnægjandi varna gegn þeim kröfum sem gerðar eru og beri því að vísa málinu frá.

Verði ekki fallist á frávísunarkröfu á grundvelli vanreifunar krefst kærði þess jafnframt að málinu verði vísað frá á grundvelli þess að kærandi hafi fyrirgert sér rétti til að kæra ástandsbrott, sbr. 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Kærði byggir á því að kærandi hafi vitað um það fyrirkomulag sem félagið reisi kæru sína á, fallist samkvæmt eigin lýsingu á að leikurinn hæfist, en ekki borið fram mótmæli með þeim hætti sem áskilið sé í 34. gr. Sé ekki fallist á frávísunarkröfur kærða telja þeir að kröfugerð kæranda gangi langt umfram það sem atvik málsins geti gefið tilefni til og að hafna beri öllum kröfum kæranda. Kærði vísar jafnframt til þess að framkvæmd og fyrirkomulag leiksins hafi verið dómara leiksins að fullu kunnugt, farið fram fyrir opnum tjöldum og að leikurinn hafi farið fram undir stjórn hans og stýringu.

VI.

Niðurstaða:

Að því er varðar frávísunarkröfu kærða telur nefndin að kæra kæranda sé nægilega skýr til þess að taka megí hana til efnislegrar úrlausnar. Í kærinni kemur fram hvaða atvik kærandi telur að hafi valdið annmarka á framkvæmd leiksins, þ.e. aðkoma tiltekins aðstoðardómara, og hvaða réttaráhrifa kærandi krefst vegna þess. Þótt málatilbúnaður kæranda hefði mátt vera ítarlegri verður ekki talið að hann sé svo óljós að kærða hafi verið ómögulegt eða verulega torvelt að taka til varna. Þá verður af gögnum málsins ráðið að athugasemdir hafi verið gerðar við fyrirkomulagið. Þá er því haldið fram af kæranda að fyrirkomulagið hafi verið samþykkt tímabundið og að breyting hafi síðan orðið á dómaramálum í hálfleik. Kærandi gat eðli máls samkvæmt ekki gert athugasemdir við hið breytta fyrirkomulag fyrir leik. Með vísan til framangreinds verður frávísunarkröfu kærða hafnað og málið tekið til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því hvort framkvæmd leiks Leiknis F. gegn Fálkum hafi verið haldin slíkum annmarka vegna aðkomu aðstoðardómara að tilefni sé til að breyta úrslitum leiksins eða ógilda hann. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Þá skuldbinda aðildarfélög, leikmenn og aðrir innan KSÍ sig samkvæmt 6. gr. laga KSÍ til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og lög og reglur FIFA/UEFA.

Fyrirmæli um dómara og aðstoðardómara má finna bæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og knattspyrnulögunum. Í 19. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót má finna ákvæði um dómaramál þar sem greint er frá tilnefningum dómara og hver beri ábyrgð á þeim í hverri deild fyrir sig. Sérstaklega er fjallað um aðstoðardómara í gr. 19.5:

„Hafi dómari eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mátt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara. Sömu tímamörk gilda einnig þegar KSÍ ber ábyrgð á dómara og/ eða aðstoðardómurum. Skal í slíkum tilfellum setja leikinn á að nýju á sama velli og áður. Greiðir KSÍ þá allan kostnað vegna dómara og/ eða aðstoðardómara, svo og ferðakostnað aðkomuliðs. Í 2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla og 5. deild karla skal leikur þó fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómarar tilnefndir af KSÍ mati ekki til leiks og skal þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarans. Í Utandeild karla skal leikur fara fram þó aðstoðardómarar tilnefndir af heimaliði mati ekki til leiks..“

Af þessu leiðir að reglugerð KSÍ gerir ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika við framkvæmd leikja í neðri deildum karla, þegar aðstoðardómarar eru ekki tilnefndir af KSÍ. Ákvæðið gerir jafnframt beinlínis ráð fyrir því að leikur skuli fara fram jafnvel þó aðstoðardómarar mæti ekki til leiks í Utandeild. Slík framkvæmd fer ekki gegn knattspyrnulögum þar sem þau gera ráð fyrir því að heimilt sé að skipa fleiri dómara en einn í hverjum leik, m.ö.o. er hægt að leika eftir knattspyrnulögunum án aðstoðardómara. Þá leysir skipun aðstoðardómara ekki dómara leiksins undan lokaákvörðun í leiknum eða þeirri skyldu að gæta að eðlilegri framkvæmd leiks, sbr. 6. gr. knattspyrnulaga.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að hlutleysi dómara sé grundvallarforsenda réttlátrar framkvæmdar knattspyrnuleikja. Þrátt fyrir það verður ekki af lögum eða reglugerðum KSÍ leidd sú regla að leikur í 5. deild karla eða Utandeild karla verði sjálfkrafa ógildur ef aðstoðardómari, sem ekki er tilnefndur af KSÍ, hefur tengsl við félag eða er leikmaður annars liðs. Meta verður atvik hverju sinni og hvort annmarkinn hafi verið slíkur að hann hafi haft eða getað haft veruleg áhrif á framkvæmd leiksins.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að tiltekin ákvörðun aðstoðardómara hafi ráðið úrslitum leiksins eða að stjórnun dómara á leiknum hafi verið með þeim hætti að hann hafi farið út fyrir það svigrúm sem reglugerð KSÍ um knattspyrnumót veitir í þessum tilvikum. Kærandi greinir frá því í kæru sinni að dómari leiksins hafi að hans mati staðið sig vel og ekkert sem bendir til þess í

fyrirliggjandi gögnum að það fyrirkomulag sem var viðhaft hafi ráðið úrslitum eða haft verulega áhrif á leikinn. Jafnvel þótt telja megi æskilegt að dómara forðist að nota aðstoðardómara sem hafi augljós tengsl við félög í sama móti eða beina hagsmuni af úrslitum þá leiðir það eitt og sér ekki til þess að úrslit leiks verði felld úr gildi. Í ljósi þess að reglugerðir KSÍ gera ráð fyrir því að leikur geti farið fram í utandeild karla án aðstoðardómara þá telur nefndin ekki unnt að ógilda úrslit leiksins án þess að sýnt þyki að hið kærða atvik hafi haft áhrif á framkvæmd leiksins.

Með vísan til alls framangreinds telur aga- og úrskurðarnefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að leikur Leiknis F. gegn Fálkum hafi verið haldinn slíkum annmarka að tilefni sé til að breyta úrslitum hans eða úrskurða að hann skuli leikinn að nýju. Kröfum kæranda er því hafnað og skulu úrslit leiksins standa óhögguð.

VII. Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu Fálka er hafnað.

Úrslit úr leik Leiknis F. gegn Fálkum sem fram fór 22. ágúst 2026 skulu standa óhögguð.

Erna Birgisdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.